

Verktakatrygging

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 223 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingafjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almenum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskríteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Verktakatrygging er samsett váttrygging fyrir verktaka og greiðir bætur vegna algengra tjóna sem geta orðið á váttryggðri fasteign á byggingartímanum. Váttryggingin tekur einnig til tjóns á byggingarefni í húsi eða gámum á byggingarstað en tekur ekki til verkfæra.



Hvað er tryggt?

Vatnstjónstrygging bætir tjón á innbúi:

- ✓ Skemmdir af völdum vatns sem lekur skyndilega úr vatnsleiðslum innan veggja hússins.
- ✓ Skemmdir af völdum vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða skyndilegrar bilunar.

Trygging vegna veðráttu bætir kostnað:

- ✓ Skemmdir af völdum jarðvegsvatns sem flæðir inn í húseign af völdum skyndilegrar úrhellisrigningar (skýfall) eða snjóbráðar (asahláku).
- ✓ Skemmdir á fasteigninni af völdum óveðurs þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndum eða meira.

Innbrotstrygging greiðir bætur vegna:

- ✓ Skemmdir á húseigninni í kjölfar innbrots.
- ✓ Tjón á byggingarefni í læstu húsi eða læstum gámi (skilyrði um gámalás).

Hrun og sigstrygging greiðir bætur:

- ✓ Tjón á húseign vegna skyndilegs hruns eða sigs.

Glertrygging greiðir bætur:

- ✓ Skemmdir á ísettu gleri í váttryggðri húseign ef það brotnar.

Brunatrygging á lausafé bætir:

- ✓ Tjón á byggingarefni, í húsi eða í gámi, af völdum bruna, eldingar eða sprengingar.



Hvað er ekki tryggt?

Vatnstjónstrygging bætir ekki tjón vegna:

- × Skemmdir af völdum vatns sem á upptök sín utan veggja húseignar (sjá þó Trygging vegna veðráttu).
- × Tjón af völdum langvarandi raka eða sveppagróðurs.

Trygging vegna veðráttu bætir ekki:

- × Skemmdir af völdum vatns sem lekur frá svölum, þakrennum eða frárennslileiðum þeirra vegna sjávarfalls og/eða grunnvatns.
- × Tjón á lausamunum utanhúss og tjón af völdum sandfoks.

Innbrotstrygging greiðir ekki bætur vegna:

- × Á hlutum sem geymdir eru utanhúss nema í læstum gámi.
- × Á hlutum sem geymdir eru innanhús í ólæstu rými.

Hrun og sigstrygging greiðir ekki bætur vegna:

- × Sig sem á rætur að rekja til ófullnægjandi þjöppunar, hönnunar eða útreikninga.

Glertrygging bætir ekki:

- × Tjón á skrautgleri eða ef gler rispast, flísast upp úr því eða vegna móðu á milli glerja.

Brunatrygging á lausafé bætir ekki:

- × Tjón sem er ekki talinn vera eldsvoði, t.d. þegar hlutur sviðnar, ofhitnar eða bráðnar. Einnig bætir tryggingin ekki rekstrartap eða óbeint tjón sem brunatjón veldur.



Eru einhverjar sérstakar takmarkanir á tryggingunni?

- ! Tryggingin bætir ekki tjón af völdum náttúruhamfara eða tjón sem orsakast af stríði, hryðjuverkum, mengun eða viðlíka atburðum.



Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir fyrir byggingaframkvæmdir á Íslandi.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingaskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum, t.d. að dyr, gluggar og önnur op inn á váttryggingarstað séu tryggilega læst og lykjar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til framkvæmdum er lokið eða tryggingunni sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.